

66. fundur Fræðslusjóðs
Mánudaginn 29. maí 2017 kl. 14:30 – 16:00
haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð

Mætt: Halldór Grönvold, Garðars Hilmarssonar, Jón Fannar Kolbeinsson, Guðrún Eyjólfsdóttir, Svanhildur Sverrisdóttir, Fjóla Jónsdóttir.

Boðuð forföll: Guðrún Ragnarsson, Ársæll Guðmundsson, Kristín Þóra Harðardóttir.

Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson.

Gestur: Sólveig B. Gunnarsdóttir, formaður úthlutunarnefndar nýsköpunar- og þróunarverkefna Fræðslusjóðs.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar (fylgiskjal 1)

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Úthlutun Fræðslusjóðs til þróunarverkefna

Sólveig kynnti vinnu úthlutunarnefndar og tillögur hennar að úthlutun. Umræður um ferlið, allt frá ákvörðun um forgangssvið, auglýsingu og til úthlutunar og svo skila og framsetningar á afurðum. Velt upp spurningum um hvort umsóknarferlið eigi að vera lengra, hvert sé hlutverk og ábyrgð FA í ferlinu.

Afgreiðsla:

FA taki saman og sendi stjórn stutta samantekt á hverri umsókn, ásamt með rökstuðningi fyrir höfnun.

Lagt til að meðal áherslna næsta árs verði að yfirfara þau verkefni sem hlotið hafa styrk og þau sett fram með notendavænni hætti á vefinn, með virkri leit og aðgengi.

Stjórn fái samantekt yfir umsóknir þegar þær liggja fyrir, þannig að hún hafi öðlast innsýn í þær þegar umræða um úthlutun fer fram.

Skerpa þarf á verklagi við lokamat verkefna.

Lagt til að tímanlega næsta haust verði tekin umræða í stjórn um verklag og vinnubrögð.

Tillaga nefndarinnar samþykkt.

3. Aðsend erindi

- a. Erindi frá FrmstVest vegna þýðinga á námskrám (fylgiskjöl 3a1, 3a2, 3a3, 3a4)

Spurt hvort hægt sé að setja „komment“ eða þjóðarflögg við viðkomandi námskrá á vef FA sem sýni á hvaða tungumáli námskráin sé til.

Afgreiðsla:

FA og Frmst finni leið til að birta námskrárnar.

- b. Erindi frá Starfsmennt vegna túlkapjónustu í ráðgjöf (fylgiskjal 3b)

Afgreiðsla:

Umsókinni er hafnað. Núverandi skilmálar heimila ekki að framlög til ráðgjafar sé nýtt til túlkapjónustu.

4. Önnur mál

- c. Hugarflæðisfundur með nokkrum framkvæmdastjórum símenntunarmiðstöðva. Formaður stjórnar og framkv.stj. FA áttu fund með fulltrúum Kvasir. Þar voru ræddar hugmyndir um að Kvasir og FA færu í rýnivinnu með hvaða hætti nýta megi úthlutun til námsleiða til fjölbreyttari kennsluaðferða, til dæmis með því

[Handwritten signatures and initials]

að fara með kennslu inn í fyrirtæki. Með því mætti nýta styrkleika miðstöðvanna til að nálgast markhópinn eftir nýjum leiðum.

d. Dagsetningar stjórnarfundar Fræðslusjóðs næsta vetur.

Lagt til að sama fyrirkomulag verði á fundum næsta vetur, þ.e. síðasta mánudag hvers mánaðar. Lagt til að fundartíminn verði 14:00 – 15:30.

Næsti fundur verður haldinn í lok ágúst.

Andri Þorjón Þorðsson
Eula Þorvaldsson
Guðni Hilmarsson
Halla Ólafsson